

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabankarafeyrir

Central bank digital currency

Opinn umræðufundur með Fjártækniklasanum – 18. október 2023

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu





2023 | 17

SÉRRIT - UMRÆÐUSKÝRSLA

SÉDLABANKARAFEYRIR
SÉDLABANKA

Hvað er seðlabankarafeyrir?



Seðlabankarafeyrir er rafræn útgáfa seðlabanka á gjaldmiðli viðkomandi ríkis sem almenningur hefur aðgang að

ISK

Rafkróna er vinnuheiti á seðlabankarafeyri sem Seðlabanki Íslands myndi gefa út



Almenningur hefur hingað til aðeins haft aðgang að **seðlabankafé** í formi seðla og myntar



Innlánsstofnanir hafa **rafrænan aðgang** að seðlabankafé á reikningum sínum í seðlabönkum og í greiðslukerfum seðlabanka (e. reserves)

Hvað er að gerast úti í heimi



- 90% seðlabanka í heiminum hafa þessi mál til skoðunar
- Nokkrir seðlabankar hafa þegar hafið útgáfu
 - Bahamaeyjar, Jamaíka, Austur-Karíbahafseyjar, Nígíría
- Seðlabanki Evrópu er mjög langt kominn í rannsóknarfasa – mun líklega taka ákvörðun á næstu vikum um að færa verkefnið á framkvæmdastig
- Svíþjóð, Bretland og Kína meðal annarra sem hafa sett mikinn kraft í þessa vinnu
- Getum við setið eftir?


Erindið í dag



1. Hvað er seðlabankarafeyrir?
2. Hvers vegna?
3. Hvernig er þetta gert?
4. Hver er áhættan?
5. Hvar stöndum við í dag?

Hvað er seðlabankarafeyrir?


Seðlabankarafeyrir til almennra nota uppfyllir þrjú skilyrði samtímis. Ekkert annað fé uppfyllir þessi þrjú skilyrði.



wCBDC = wholesale CBDC =
Seðlabankarafeyrir til heildsölu

Hvað þýðir það að seðlabanki sé útgefandi?

Seðlar og mynt, seðlabankarafeyrir og viðskiptabankafé: Efnahagsreikningur bankakerfisins og lagaleg krafa



Samanburður á seðlum og mynt, seðlabankarafeyri og viðskiptabankafé og hvernig þessar ólíku tegundir fjár koma fram á efnahagsreikningum Seðlabankans og bankakerfisins.

Heimild: Auer o.fl. (2021).

Nú þegar við erum búin að flækja þetta skulum við einfalda þetta aftur...



Snýst um að hefja útgáfu á nokkurs konar rafrænni hliðstæðu við seðla og mynt sem hægt yrði að nota í almennum viðskiptum, þ.e. til að greiða fyrir vöru og þjónustu úti í búð og á netinu



Þá vakna margar spurningar ...



Fyrsta spurningin hlýtur að vera: Af hverju?

- Af hverju er útgáfa seðlabankarafeyris skynsamleg eða jafnvel nauðsynleg?
- Hvaða markmiðum á útgáfan að þjóna?

Markmið með útgáfu seðlabankarafeyris



Treysta undirstöður peningakerfisins í stafrænum heimi

Seðlabankafé og aðgengi að því er undirstaða peningakerfisins og traust á því



Auka viðnámsþrótt smágreiðslumiðlunar

Nýir innviðir, óháðir erlendum kortaskemum (og hugsanlega fleiri innviðum)



Auka skilvirkni og hagkvæmni í alþjóðlegri greiðslumiðlun

Núverandi fyrirkomulag kostnaðarsamt og óskilvirkt. Erfitt að leysa úr hnökrum þess.



Stuðla að samkeppni og fjölga valkostum í smágreiðslumiðlun

Netkerfisáhrif geta ýtt undir fákeppni í greiðslumiðlun. CBDC getur veitt samkeppnisaðhald.



Ýmislegt fleira sem síður á við um Ísland og krónuna

- Auka alþjóðlegt vægi eigin gjaldmiðils
- Bæta aðgengi að fjármálaþjónustu og nútíma greiðslumiðlun



Í hnotskurn er nálgunin þessi



Alls staðar snýst þetta um að gera almenningi kleift að framkvæma smáar greiðslur og millifæra í seðlabankafé. Enginn sér þó fyrir sér að hætta útgáfu seðla.

Í ESB er markmiðið bæði að tryggja aðgengi að seðlabankafé, treysta undirstöður gjaldmiðilsins (monetary anchor) og stuðla að óhæði gagnvart VISA og Mastercard o.fl. (strategic autonomy)

Undirliggjandi er:



- minnkandi seðlanotkun
- vaxandi markaðshlutdeild bandarísku kortaskemanna í Evrópu
- stöðugleikamyntir og gerjun í stafrænni greiðsluþjónustu

ECB virðist staðráðinn í að komast fram fyrir þessa þróun og bjóða *digital euro* sem valkost



Í lág- og millitekjuríkjum utan Evrópu er helsta markmiðið oft að tryggja aðgengi að nútíma greiðslumiðlun og grunnfjármálaþjónstu

- almennt, t.d. í Nígeríu
- við sérstakar aðstæður, t.d. á Bahamaeyjum

Þá vakna næstu spurningar ...



Hvernig?

- Valkostir við útfærslu og notkunarmöguleikar eru gríðarlega margir

Hönnunarvalkostir og notkunarmöguleikar



- **Markmiðin og sá ávinningur sem við viljum stefna að er leiðarljós**
 - Markmiðið er að búa til hentugan, aðgengilegan og skilvirkan greiðslumiðil
- **Val á ólíkum hagrænum og tæknilegum möguleikum er hins vegar ekki einfalt**
 - Nýir fjármálainnviðir
 - Vextir (jákvæðir/neikvæðir) og fjárhæðamörk
 - Virkni án nettengingar
 - „Cross-currency“ virkni
 - Hver sér um þjónustu við notendur og hvert er viðskiptamódel þeirra?
 - O.s.frv. o.s.frv.
- **En markmiðin og væntur ávinningur eru ekki bara leiðarljós – við þurfum að milda ákveðna áhættu líka ...**

Enn vakna spurningar ...



Hver er áhættan?

- Hver eru áhrifin á peningastefnuna, fjármálastöðugleika og bankakerfið?

Hliðaráhrif og áhætta



- **Sumpart auðveldara að takmarka áhrif á peningastefnuna**
 - Ekki jákvæðir vextir
- **Eftir stendur fjármálastöðugleiki og áhrif á bankakerfið**
- **Of mikil notkun á seðlabankarafeyri stærsti áhættuþátturinn**
 - Hjámiðlun: innstæðum í bönkum skipt í seðlabankarafeyri
 - *Fjárhæðamörk*
 - *Neikvæðir vextir*
 - Miðlun peningastefnunnar (credit channel)
- **Of lítil notkun og útbreiðsla er líka áhættuþáttur**

Hvar stöndum við í dag?



- Margir hafa bent á að bregðast megi við áhættu í greiðslumiðlun, markaðsbrestum, skorti á samkeppni o.s.frv. með öðrum áhættuminni eða einfaldari leiðum en útgáfu seðlabankarafeyris
- Aðrir benda á að með réttri útfærslu megi slá margar flugur í einu höggi með útgáfu seðlabankarafeyris án þess að taka of mikla áhættu
- Þessi umræða á eftir að þroskast talsvert ...
- ... og hin pólitíska umræða er mjög skammt á veg komin um allan heim

Hvar stöndum við í dag?



- Líkurnar á því að mikilvægir seðlabankar hefji útgáfu seðlabankarafeyris eru miklar, sérstaklega ECB og kínverski seðlabankinn
- Seðlabanki Íslands verður ekki frumkvöðull á þessu sviði
- Þurfum að læra af reynslu ECB o.fl. en þurfum líka að geta brugðist við og tekið ákvarðanir
- Getum við setið eftir?
 - Þróun og samvinna í greiðslumiðlun yfir landamæri lykilatriði hér
- Ákvörðun um að hefja útgáfu rafkrónu er ekki bara Seðlabankans að taka



Takk fyrir